


Sýnishorn af nýttu húsgögnum Húsgagnaiðu KR á Kjarvalsstöðum.




Starfsmenn Glerverksmiðjunnar Samverks á Hellu vinna að uppsetningu á Kjarvalsstöðum.


Morgunblaðið/Bjarni



Nokkrir aðstandendur Rangæingakynningarinnar á palli sumarhúss Trésmiðjunnar Rangár við innganginn í Kjarvalsstaði.



Úr Sláturhúsinu Dímon, sem þakkar framleiðslu Holtabúsins.



Úr Kartöfluverksmiðjunni í Þykkvabæ.

Morgunblaðið/RAX

### Rangæingakynningin í Kjarvalsstöðum:

# Fjölbreytt framleiðsla iðnaðar í landbúnaðarhéraðinu

Rangæingakynningin í Kjarvalsstöðum hófst í gær, en sýningin sem kynnir fjölbreytta framleiðslu allra iðnfyrirtækja í Rangárvallasýslu, tuttugu talsins, stendur yfir í dag og á morgun kl. 14–22 og er ókeypis inn á sýninguna. Segja má að á Rangæingakynningunni sé kynnt framleiðsla fyrir fólk á öllum aldri, íslenskt handverk og hugvit, því fjölmargt af framleiðslunni eru íslenskar uppfinningar. Þau iðnfyrirtæki sem framleiða matvæli bjóða gestum og gangandi upp á smakk, svo sem kæfu, brauð, kjúklingabita og franskur úr Þykkvabænum. Rangæingakynningin er í öllum austurhluta Kjarvalsstaða og á útisvæði sunnan og norðan við húsið, en vestan við bygginguna verður Mosfell frá Hellu með stóra tjaldsýningu. Húsgögn af ýmsu tagi eru á sýningunni, hús og húshlutar, gler og speglar, þrjónafatnaður, vagnar, hjólbörur, landbúnaðarvélar, yfirbyggð bifreið, viðlegubúnaður, framleiðsla frá Holtabúinu og Kartöfluverksmiðjunni í Þykkvabæ, goggar og netanalar, sjúkrabörur og tæki til að leita að fólk í sjó, frá Akurhól í Gunnars-holti og fleira og fleira.

Mosfell á Hellu kynnir á annan tug tegunda af tjöldum, margs konar viðlegubúnað, svo sem svefnpoka, legghlifar, svefndýnur

fyrir tjöld, vinnuvettlinga og sitt-hvað fleira.

Glerverksmiðjan Samverk kynnir gler í hús, einangrunargler, spegla og ýmsa möguleika í nýtingu glers í húsum bæði til hagræðis og fegurunar.

Búra á Hellu kynnir margs konar krydd- og matvælapakkningar og Kraftkjúklingur kynnir sína framleiðslu.

Trésmiðjan Rangá hefur byggt hluta af sumarhúsi við innganginn í Kjarvalsstaði beinlínis í til-efni sýningarinnar, en Rangá framleiðir einnig margs konar innréttingar, hurðir og fleira auk húsbýgginga. Þeir hafa m.a. byggt litlu gistihúsin fyrir Mosfell á Hellu.

Skeifnasmiðjan framleiðir aðallega skeifur og eru sýnishorn af öllum stærðum á sýningunni í Kjarvalsstöðum.

Holtabúðið á Ásmundarstöðum og Sláturhúsið Dímon kynna starfsemi sína og framleiðslu og sýningargestum gefst kostur á að smakka eitthvað af framleiðslunni.

Haraldur Teitsson á Hellu sýnir minjagripi þar sem myndefnið í veggplatta er sótt í Íslendingasögurnar, sögulóðir Njálu í Rangárþingi.

Kjöttvinnslan á Hellu kynnir sína framleiðslu, en hjá Kjöttvinnslunni er kjöt unnið í ýmis konar pakkningar, svo sem bjúgu.

Gíslabakari á Hellu kynnir sína framleiðslu, nýja tegund af brauðum og gestum og gangandi gefst kostur á að bragða á framleiðslunni með til dæmis kjúklingakæfu frá Holtabúinu.

Þrjónastofan Sunna á Hvolsvelli kynnir framleiðslu sína sem er nær eingöngu fyrir erlenda markað, en starfsmenn þar eru um 50 talsins.

Þrjóna- og saumastofan Þrjónaver á Hellu og Hvolsvelli kynnir einnig sína framleiðslu, sem er eingöngu til útflutnings, um 20 þús. flukur á ári fyrir Hildu, en líðlega 50 manns vinna í Þrjónaveri.

Húsgagnaiðjan á Hvolsvelli kynnir margs konar húsgögn, sófasett, staka stóla, húsbóndastóla og ýmsar gerðir af sjúkrá-húsgögnum sem hafa aukist stöðugt í framleiðslu, sem sagt, bæði heimilishúsgögn og sjúkrá-húsgögn.

Vélsmiðja Kaupfélags Rangæinga er þrjúka kaupfélagsfyrirtækið sem sýnir í Kjarvalsstöðum, auk Húsgagnaiðjunnar og Sunnu, en vélsmiðjan sýnir baggatínur

sem búið er að framleiða í hundræða tali, brennsluofna og nýtt tæki sem miklar vonir eru bundnar við, súrheystætara sem reiknað er með að kosti mun minna en slíkt tæki innflutt og kosta hundruð þúsunda króna. Einnig hefur Vélsmiðjan framleitt mykjudreifara og sitt-hvað fleira.

Byggingarfélagið Ás sem framleiðir íbúðarhús, sýnir á skemmtilegan hátt húshluta í austursal Kjarvalsstaða og einnig verkfæraskápa og bari fyrir smærri félagsheimili og íbúðarhús.

Blikksmiðjan Sörli á Hvolsvelli sýnir m.a. rennur, sorpskápa og grindur, málningarbakka og fleira.

Bílaskjól á Hvolsvelli sýnir einn nýfirbyggðan kassabíl sem er orðinn að glæsilegasta jeppa eða fólksbíl, en Bílaskjól byggir yfir allar tegundir af bílum, fær þá „bera í hendurnar“ og skilar þeim fullbúnum og bólstruðum.

Þá sýnir Listasmiðjan á Hvolsvelli nokkra muni af framleiðslunni sem er steipt í mót og síðan máluð og lituð á staðnum í margs konar skrautmuni.

Það lætur nærri að það séu um 500 manns í Rangárvallasýslu sem vinna hjá þeim fyrirtækjum sem taka þátt í Rangæingakynningunni og kemur það ugglaut mörgr-

um á óvart að svo fjölbreytt iðnaðarframleiðsla eigi sér stað í Rangárþingi, því fyrst og fremst er héraðið þekkt fyrir hinn gróskumikla landbúnað að fornu og nýju. En gróskumikill iðnaður hefur vaxið upp á Hellu og Hvolsvelli og Kartöfluverksmiðjan í Þykkvabæ hefur gengið mjög vel. Þá hafa vistmenn á Akurhól í Gunnars-holti framleitt margs konar hluti í seinni tíð, en það má segja um þá framleiðslu eins og margt annað úr Rangárþingi að framleiðslan hefur ekki verið böðuð mikið í sviðsljósum fjölmiðlanna.

Við opnunina á Rangæingakynningunni í gær skemmtu listamenn úr Rangárþingi og til heiðurs hinni rótgrónu atvinnugrein héraðsins, kom sýnishorn af bústofni Rangæinga í heimsókn.

Rangæingakynningin stendur aðeins til sunnudagskvölds, en eins og fyrr segir kostar ekkert inn á sýninguna. Þá er einnig í Kjarvalsstöðum keramikksýning Eyðisar Vilhjálmsdóttur og málverkasýning Elíasar B. Halldórssonar listmálara frá Sauðárkróki.

Iðn- og framleiðslufyrirtækin tuttugu sem sýna í Kjarvalsstöðum framleiða hundruð tegunda af varningi og er þar átt við hina beinu íslensku framleiðslu.